



Verkefni 2 - Bakpokinn og innihald

Flokkurinn þarf að sýna fram á þekkingu á hvernig á að raða búnaði í bakpoka – hvað fer efst og neðst og hvað fer næst bakinu.

Verkefnalýsing

Flokkurinn á að:

- gera sér grein fyrir hversu mikið þarf að taka með í ferðir, hvað er hægt að vera án? og hvað er nauðsynlegt?
- gera lista yfir búnað sem einstaklingur þarf að taka með sér í
 - 2 náttu útilegu í skála
 - 2 náttu útilegu í tjaldi að sumri
 - dagsferð að vetri til
 - 5 daga langt skátamót að sumri
- gera lista yfir búnað sem flokkurinn þarf að hafa sameiginlegan í
 - 2 náttu útilegu í skála
 - 2 náttu útilegu í tjaldi að sumri
 - dagsferð að vetri til
 - 5 daga langt skátamót að sumri

Kröfur eftir aldri:

- Drótt- og rekkaskátar pakka í bakpoka fyrir 4 daga gönguferð um óbyggðir Íslands og sýna hvernig á að stilla bakpoka svo hann sitji rétt á bakinu.

Bónusverkefni

Búa til bakpoka sem getur borið skáta amk 200m vegalengd.

Ábending til foringja

Hvetjið flokkinn til að skipuleggja verkefnið þannig að öll hafi hlutverk – frá efnissöfnun til framkvæmdar og kynningar.